

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 14. desember 1959.

Nr. 114/1959. Sigurbjörg Sigurðardóttir

(Ragnar Ólafsson hrl.)

gegn

Ellí- og hjúkrunarheimilinu Grund

(Magnús Thorlacius hrl.)

og gagnsök

og

Ellí- og hjúkrunarheimilið Grund

gegn

Guðmundi Böðvarssyni

(Ragnar Ólafsson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómaramennir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson,
Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessor Magnús
P. Torfason.

Vísan máls frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. júní 1959 og krefst þess, að henni verði dæmd sýkna og gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða henni málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur fengið áfrýjunarleyfi og svo gjafvarnar- og gjafsóknarleyfi 25. september 1959 og áfrýjað málinu með stefnu 30. s. m. Krefst hann þess, að aðaláfrýjanda og stefnda verði in solidum dæmt að greiða sér kr. 4.036,41 ásamt 6% ársvöxtum frá 30. september 1956 til greiðsludags og málskostnað í héraði og svo, að þeim verði dæmt að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafvarnar- og gjafsóknarmál.

Stefndi krefst þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur,

að því er til hans tekur, og að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Samkvæmt 9. gr. framfærslulaga, nr. 80/1947, ber það undir yfirvald að ákveða meðlag barna með foreldrum. Þar sem úrskurður yfirvalds um meðlag aðaláfrýjanda, Sigurbjargar Sigurðardóttur, með móður sinni, Sólveigu Helgadóttur, er eigi fyrir hendi, ber að ómerkja af þeim sökum dóminn á hendur aðaláfrýjanda, Sigurbjörgu, og vísa máli hennar frá héraðsdómi.

Málatilbúnaður gagnáfrýjanda á hendur stefnda, Guðmundi Böðvarssyni, var eigi viðhlítandi. Málavöxtum voru hvorki gerð skil í stefnu né greinargerð í héraði. Skilmerkilegur reikningur á hendur stefnda var eigi fram lagður. Eigi voru teknar aðiljaskýrslur af aðiljum. Valdimar Sigurðsson, sonur Sólveigar Helgadóttur, sem greitt hefur að nokkru vistgjald hennar, var eigi kvaddur vættis.

Brast því á gögn um, hver eða hverjir sömdu um vist Sólveigar á hæli gagnáfrýjanda og hvort stefndi hefur í því sambandi játast skyldum í orði eða verki. Samkvæmt þessu hefur eigi verið hlítt ákvæðum laga nr. 85/1936 um skýran málatilbúnað, rækilega gagnasöfnun og fullnægjandi reifan máls. Verður því að ómerkja dóminn, að því er til stefnda, Guðmundar, tekur, og vísa málinu frá héraðsdómi.

Eftir þessari niðurstöðu ber að dæma gagnáfrýjanda til að greiða aðaláfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti og stefnda málskostnað í Hæstarétti, samtals kr. 3.500,00. Ríkissjóður greiði málflutningslaun fyrirsvarsmanns gagnáfrýjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1.000,00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og vísast málinu frá héraðsdómi.

Gagnáfrýjandi, Elli- og hjúkrunarheimilið Grund, greiði aðaláfrýjanda, Sigurbjörgu Sigurðardóttur, málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti og stefnda, Guð-

mundi Böðvarssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, samtals kr. 3.500,00.

Málflutningsþóknun fyrirsvarsmanns gagnáfrýjanda fyrir Hæstarétti, Magnúsar Thorlacius hæstaréttarlögmans, kr. 1.000,00, greiðist úr ríkissjóði.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 11. apríl 1959.

Mál þetta, sem dómtekið var 3. þ. m., höfðaði Elli- og hjúkrunarheimilið Grund í Reykjavík fyrir bæjarþinginu með utanréttarstefnu, birtri 29. október 1957, gegn Guðmundi Böðvarssyni, Hásteinsvegi 8 í Vestmannaeyjum, til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 9.036,41, ásamt 6% ársvöxtum frá 30. september 1956 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Með sakaukastefnu, þingfestri 19. desember 1957, höfðaði stefnandi mál á hendur Sigurbjörgu Sigurðardóttur, Hásteinsvegi 8, Vestmannaeyjum, til greiðslu framangreindra krafna in solidum með stefnda Guðmundi Böðvarssyni.

Stefndu hafa krafizt sýknu af dómkröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi að mati dómarans.

Stefnandi kveður hina umstefndu skuld vera helming dvalarkostnaðar fyrir Sólveigu Helgadóttur á heimili hans hér í Reykjavík frá desember 1953 til 30. september 1956. Sólveig þessi, sem er móðir stefndu, Sigurbjargar, og tengdamóðir stefnda, Guðmundar, hafi dvalið á heimilinu um allnokkur ár. Hafi dvalarkostnaður hennar verið greiddur að jöfnu af syni hennar og stefnda, Guðmundi. Hafi sonur hennar þegar greitt helming dvalarkostnaðarins fyrir umrætt tímabil, og er krafan í máli þessu því fyrir þann helming kostnaðarins, sem ógreiddur er.

Stefnandi byggir kröfu sína á hendur stefnda, Guðmundi, á því, að hann hafi greitt dvalarkostnaðinn árum saman í eigin nafni og án nokkurs fyrirvara, og hafi hann með því tekið á sig ábyrgð á áframhaldandi greiðslu gagnvart stefnanda.

Krafa stefnanda á hendur stefndu, Sigurbjörgu, er á því byggð, að henni beri skylda til að greiða framfærslu móður sinnar samkvæmt ákvæðum 6. gr. framfærslulaga, nr. 80/1947, enda sé hún til þess fær, svo og eiginmaður hennar, stefndi, Guðmundur.

Stefndi, Guðmundur, styður sýknukröfu sína þeim rökum, að honum beri ekki skylda til að framfæra tengdamóður sína. Hann hafi greitt hluta af dvalarkostnaði hennar nokkur undanfarandi ár án nokkurrar skyldu. Nú sé hins vegar svo komið högum hans fjárhagslega, að hann geti ekki greitt þann kostnað lengur. Telur hann engan samning hafa komizt á um greiðslu vistgjaldsins við stefnanda, og jafnvel þótt svo yrði litið á, telur hann þá skyldu sína um greiðslu framfærslunnar aldrei geta orðið meiri en hins lögskylda framfærandar, þannig að sá samningur geti aldrei gilt lengur en hann sé til þess fær að sjá um framfærsluna.

Stefnda, Sigurbjörg, styður sýknukröfu sína þeim rökum, að hún sé ekki fær um að annast um framfærslu móður sinnar. Hún hafi verið sjúklingur að meira og minna leyti síðastliðin 13 ár og ekkert getað unnið.

Stefndi, Guðmundur, er ekki lögskyldur framfærandi Sólveigar Helgadóttur. Verður að telja, að hann hafi með greiðslum sínum til stefnanda að því leyti verið að inna af hendi skyldu eigin konu sinnar, stefndu, Sigurbjargar. Verður ekki fallizt á það með stefnanda, að stefndi, Guðmundur, hafi með því persónulega tekið á sig skyldu til að greiða dvalarkostnað Sólveigar. Ber því að sýkna hann af kröfu stefnanda í málinu. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður, að því er hann varðar.

Stefnda, Sigurbjörg, er skylduframfærandi móður sinnar, sbr. 6. gr. laga nr. 80/1947, að svo miklu leyti sem hún er til þess fær. Við mat á framfærslugetu hennar þykir bera að fara eftir fjárhag félagsbús hennar og eiginmanns hennar, stefnda, Guðmundar, enda hefur því ekki verið hreyft, að þau hafi á nokkurn hátt aðskilinn fjárhag.

Í málinu liggur fyrir vottorð Einars Guttormssonar lækni um heilsufar hinna stefndu hjóna. Um stefnda, Guðmund, segir, að hann hafi verið hraustur framan af ævinni, en á árinu 1956 hafi hann farið að fá einkenni frá maga, og hafi verið gerð á honum aðgerð (resectio ventriculi Billroth I vegna carcinoma ventriculi) í Landspítalanum á tímabilinu september til október 1956. Síðan hafi hann ekki verið vinnufær sem nokkru verulegu nemur.

Einnig liggja fyrir skattframtöl Guðmundar fyrir árin 1956 til 1959. Af þeim kemur fram, að tekjur hans fyrir árið 1955 hafa numið kr. 65.392,51 og nettóeign kr. 62.553,73. Eftir það lækka

tekjur hans nokkuð, en eignarárnun er engin. Á framtölunum 1956 til 1958 telur Guðmundur skuld til stefnanda kr. 5.000,00. Sú skuld er ekki á framtalinu 1959, en greiðsla til stefnanda mun þó ekki hafa verið innt af hendi á tímabili þessu.

Þegar framantalið er virt, þá þykir verða að telja, að stefnda, Sigurbjörg, hafi verið fær um að framfæra móður sína á tímabili því, sem greiðslu er krafist fyrir, og ber því að taka kröfur stefnanda til greina að öllu leyti, að því er hana varðar.

Eftir þessari niðurstöðu þykir bera að dæma stefndu, Sigurbjörgu, til greiðslu málskostnaðar, og þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 1.500,00.

Emil Ágústsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Guðmundur Böðvarsson, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Elli- og hjúkrunarheimilisins Grundar, í máli þessu, en málskostnaður falli niður, að því er hann varðar.

Stefnda, Sigurbjörg Sigurðardóttir, greiði stefnanda kr. 9.036,41 með 6% ársvöxtum frá 30. september 1956 til greiðsludags og kr. 1.500,00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.